

128

15. sept.

6. gr.

Ágreiningur milli váttryggða og váttryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

Reglugerð þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, og öðlast gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. september 1958.*

Lúðvík Jósepsson.

*Gunnlaugur E. Briem.*

129

25. sept.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955.

Héraðsrafmagnsveitum ríkisins er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955, um 30% frá 1. október 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 96 14. júlí 1958, um sama efni.

*Atvinnumálaráðuneytið, 25. september 1958.*

Hermann Jónasson.

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

130

26. sept.

## GJALDSKRÁ

fyrir Keflavíkurflugvöll.

### 1. Lendingargjöld:

Fyrir hverja landingu skal greiða lendingargjald kr. 16.27 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 8.14 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 27.13.

### 2. Flugskýlisleiga:

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 97.65 á hvern m<sup>2</sup> gólfplat. Fyrir hluta úr skýli reiknast leiga kr. 13.56 á m<sup>2</sup> á mánuði, en kr. 135.60 á m<sup>2</sup> á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem sér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 27.13	kr. 271.25
12—15 —	— 67.81	— 542.50
15—18 —	— 108.50	— 813.75

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði	130
18—21 m	kr. 149.19	kr. 1085.00	26. sept.
21—24 —	— 189.88	— 1356.25	
24—27 —	— 217.00	— 1627.50	
27—30 —	— 244.13	— 1898.75	
Yfir 30 —	— 271.25	— 2712.50	

### 3. Stæðis- og festargjöld:

Stæðisgjald er ekkert fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m	kr. 27.13
12—18 —	— 54.25
18—24 —	— 81.38
24—30 —	— 108.50
Yfir 30 —	— 122.06

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem umfram er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum.

### 4. Gjald af flugvélabenzíni:

Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvellingum eða frá honum skal greiða flugvellingum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzinlítra .....	kr. 0.24
Á hvert U.S. gallon .....	— 0.92

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendarastaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 24. marz 1947, ásamt breytingu á þeirra gjaldskrá með auglýsingu frá 27. apríl 1950.

*Utanríkismálaráðuneytið, varnamáladeild, 26. september 1958.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Tómas Árnason.*

## AUGLÝSING

131

1. okt.

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Akraneskaupstað nr. 81 7. apríl 1945.

#### 1. gr.

Úr fyrstu málsgrein 62. gr. falla niður orðin „á tímabilinu frá 1. maí til 20. október ár hvert“.

#### 2. gr.

Úr 64. gr. falla niður orðin „tímabilið frá 1. apríl til 1. október ár hvert“.

#### 3. gr.

Úr 67. gr. falla niður orðin „á þeim tíma, sem það er óheimilt samkvæmt áður sögðu“.